

22. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 28. september 2020 í Ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaltdóttir, Sigurður Sigurjónsson varamaður Boga Péturs Eiríkssonar, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Virkjun Borhola 09 á Flúðum

Hannibal fór yfir minnisblað frá Guðmundi Hjaltassyni hjá EFLU um greiningu á möguleikum á nýtingu á holu 09. Þar kemur fram greining á valkosti A sem er afloftun á holutoppi og Pex lögn niður í núverandi dæluhús og valkostur B sem er stállögn að holu 06 og lögn þaðan niður í nýtt gufuskiljuhús. Áætlaður kostnaður við leið A er kr. 8.096.568 og leið B kr. 25.427.752 án VSK. Meirihluti veitustjórnar samþykkir að fela veitustjóra að fara leið A við virkjun holunnar. Bjarney og Jón sitja hjá við afgreiðslu málsins.

2. 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða.

Lagt var fram 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða vegna ársins 2020. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur hitaveitunnar er í góðu jafnvægi.

3. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu ársins 2020.

4. Stöðuyfirlit á rekstri fráveitu

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á fráveitu ársins 2020.

5. 8 mánaða uppgjör Hrunaljóss

Lagt var fram 8 mánaða uppgjör Hrunaljóss vegna ársins 2020. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Reksturinn er í samræmi við væntingar.

6. Fundargerð vegna sameiginlegar vatnsveitu í Uppsveitum.

Lögð var fram til upplýsinga fundargerð fundar vegna skoðunar á sameiginlegri vatnsveitu í Uppsveitum frá 17. september s.l.

7. Mál Loco ehf gegn Hrunamannahreppi vegna Hitaveitu Flúða.

Lögð fram til upplýsingar dómsátt í máli Loco ehf gegn Hrunamannahreppi vegna Hitaveitu Flúða.

Næsti fundur veitustjórnar er ákveðinn þriðjudaginn 3. nóvember nk. kl. 16:00 í ráðhúsinu.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:20.